



# Gestur Þorgrímsson

## HÖGGMYNDIR

Listasafn Reykjavíkur — Hafnarhús  
Reykjavík Art Museum — Harbour House

JÚLÍ — ÁGÚST 2000

## Alvörukómik á Kantinum

Vinarkveðja

Það var síðsumars eftir harða veturinn 1946-'47. Ég átti dálítið pláss við langa borðið hjá Jóni inni á Árnasafni við Fiolstræde. Dag einn síðdegis settist ég í stólinn og fór að fletta gömlum og fallega lýstum skinnbókum. Þá er það sem Jón segir:

— Er nokkuð nýrra í bænum, Björn Th?

— Ekki get ég með öllu neitað því. Ég er að koma frá opnun kúnstsútstillingar hér rétt fyrir neðan hornið. Þar heitir Tokanten. Að framan er það vertshús, en innar af er dálítill salur, og þar er þessi útstilling.

— Er það ekki enn eitt móderneprumpið?

— Jú, en sérkennilegt! Þegar gesti bar að, gengu þar um allsberar stúlkur í þilsum úr þúrrulauk og skenktu mönnum períkúm í skörðótta bolla, fanta eða það sem einhverntíma voru glöfs, og dreifðu upphrópinu, þar sem segir að ekkert sé listinni né lífinu til meiri trafala en „sannir listamenn"! Og milli gestanna sveif höfuðmeistarinn, í síðri kjólskyrtu, á lakkskóm, aldeillis berlæraður og með pípuhatt. Sá heitir Henry Heerup. Á miðju gólfinu stendur svartur kolaofn, og inn í hann er byggður einhverskonar glymskratti, sem beljar út úr sér ægilegri músiktónlist viðstöðulaust.

— Hvað segirðu? Er þetta galihús hér rétt fyrir neðan?

— Já, beint á móti Slútteríinu. Fjögurra mínútna gang héðan frá horninu á Nørregade. Þó að ég hafi heyrt eftir þér haft, að þú bærir þér aldrei neitt fyrir augu yngra en frá aldamótunum 1600, þá lifðir þú það nú samt af að rólta þangað ofaneftir með mér.

— Jæja. Kannski ég auki mér þá leti í nokkrar mínútur.

Þó svo, að kolaofninn hefði í engu látið af ærandi galskap sínum, stöldruðum við hjá stöpli frammi í salnum. Á honum stóð pappadiskur fullur af hveiti, en mitt í hveitið hafði verið gerð hola, og neðst í henni var að sjá skömmtunarmiða fyrir brauði, festan niður í botninn með teiknibólu. Ég held að okkur hafi hvorugum fundist þetta eitt af afreksverkum heimslistarinnar. Upp um veggj voru samlímingar úr blöðum eftir þá Richard Winther og Albert Mertz, eilítið blautlegar. Fleira varð ekki til tíðinda í bili. Musterishórunnar voru vísast komnar í buxur og þúrrurnar í súpupottinn hjá Bamse í eldhúsinu. En rétt sem kolaofninn var að því kominn að flæma okkur út, brá okkur heldur við! Inn í salinn kom höfuðmeistarinn Heerup og ýtti á undan sér lírukassa með sveif. Enn var hann berlæraður í kjólskyrtunni, á lakkskóm og með pípuhattinn. Átti nú virkilega að auka á djöfulmóðinn í ofnskrattanum? En þegar sá á gljáskónum og með gljástropsinn tók að snúa sveifinni, létti okkur stórum því í staðinn fyrir ótímabæran hávaðaauka komu fram á glugga þessa kynlega appírats myndir eftir hann sjálfan, og þá sáum við að framan á skrímslinu stóð með stórum stöfum „Billed-Drejer"! Þegar ég leit við var öðlingurinn Jón Helgason horfinn, og vísast frelsinu feginn! Hinsvegar lofaði ég mér því, og stóð alla tíð við, að draga hann ekki oftár með mér inn á neina bílætakunst.

Sýning þessi í Tokanten í september 1947 hét Linien II og er síðan komin á bækur um norræna, ef ekki heimslistina.



Nafnið, Linien II, á rætur í því, að árið 1934 stofnuðu þeir með sér listamanna- og sýningarhóp, Linien, Henry Heerup, Richard Mortensen og Asger Jörn, ásamt nokkrum fleirum. En svo sem verða vill, og einkum eftir stríðslokin, fór að sækja á þá hræðsla, að þeir væru að verða frægir, og það sem ennþá ógurlegra var, vinsælir. Þá ákváðu þeir, ásamt Mertz og Winther, að þvo rækilega af sér alla ásökun (sjálfsásökun) um „borgaralega þjónkun“ og sprengja allt slíkt í loft upp. Því hét þessi endurfæðing Linie II.

Um þessar mundir bjuggu þau fornvinir mínir, Gestur Þorgrímsson frá Laugarnesi, og Sigrún í snotru einbýlishúsi vestur í Vatnsmýri (Vanløse), ásamt foreldrum hennar, Guðjóni skólástjóra og Ragnheiði skáldkonu. Þegar ég hafði heimsótt þau, stóð Gestur oft úti í garði, og þar flugu hvítar kalksteinsflísar undan meitli hans. Mér sýndist hann vera að höggva mynd í síðkúbískum stíl, sem síðar hlaut nafnið *Elskendur*.

Fyrir því varð ég meira en lítið undrandi að sjá inni á Tokantinum, að þessi sama mynd var komin þar á stall. Hvað átti Gestur vinur minn og kalksteinsmynd hans sammerkt við þessa myndbrjóta allrar hefðar og listræns „velsæmis“? Ekki hefði ég samt þurft lengi um það að þenkja. Gestur frá Laugarnesi er svo opinn og glaðsinna og hjálplús maður, og slíkur völundur á allt efni, að honum stóð ætíð vinarfaðmur eldri listamanna opinn. Ekki hefur þjóðerni hans heldur stuggað línunömmum frá vináttu við hann, þeir sem allir höfðu áður fyrr staðið á götuvígjunum með þeim snillingum Þorvaldi, Sigurjóni og Svavari. Hér var því landi þeirra aftur snúinn! Suma þekkti hann orðið persónulega, og í námi sínu á Akademíinu leiddu ein kynni til annarra.

Þannig, við glymjandina í kolaofninum, pípuhatt og myndsnúningskommóðu galdramannsins Heerups, komst þessi vinur minn að fornu og nýju inn í listasöguna. Þessir hræðilegu *enfants terrible*, eins og blóðin nefndu Linie II-menn, höfðu því kannski tekið manninn sjálfan fram yfir verk hans.

Ungir vorum við Gestur saman í Ayr, heimabæ Roberts Burns, og drukkum þar í okkur þá skáldspeki hans, að gullið í manninum sé öllum fjársjóðum dýrmætara. Í þeim anda fagna ég, sem og vissulega allir vinir þínir, endurkomu þinni í hinu nýja Listasafni Reykjavíkur á hafnarkantinum, eftir fimmtíu ára ferð frá einum kantinum á annan, frá Tvíkantinum við Kompanístræti til hafnarkantsins í Reykjavík, þar sem hið nýja listasafn okkar býður þér nú heiðurspláss. Með þökkum fyrir boðsmiðann á Túkantin.

Pinn BjörnTh.



### Double-Edged Comedy

*Greeting to a Friend from Björn Th. Björnsson*

It was late summer after the harsh winter of 1946-47. I had a little spot for working at Jón's long desk [Jón Helgason, professor of Icelandic literature] at the Arnemagnean Manuscript Institute on Fiolstræde. One afternoon I sat down in my chair and started browsing through some old, beautifully illuminated vellums. Then Jón said:

— Is there anything newer happening in town, Björn Th.?

— I can't deny that completely. I've just come from the opening of an art exhibition just round the corner. It's called Tokanten [The Double Edge]. There's a pub at the front and a little hall behind it, where the exhibition is.

— Isn't it just another load of modern trash?

— Yes, but it's strange!

When guests arrived, girls were walking around naked but for skirts made of leeks, serving drinks into chipped cups, mugs or what used to be glasses, and spreading the cry that nothing is more of a hindrance to art or life than "true artists"! And gliding among the guests was the master of ceremonies, completely bare-

legged in a long dress shirt, patent leather shoes and a top hat. His name was Henry Heerup. In the middle of the floor was a black coal stove with a kind of jukebox built inside it which incessantly blared out awful music.

— What? Is that madhouse just down the street?

— Yes, four minutes' walk from here round the corner on Nørregade. Although I've heard you quoted as saying that you never look at anything more recent than the year 1600, you'd still survive if you took a stroll down there with me.

— All right. Maybe I'll be lazy for a few more minutes.

Even though the coal stove had by no means ceased its maddening ranting, we paused by a pedestal at the front of the hall. On it was a cardboard plate full of flour, with a hole in the middle and a ration ticket for bread at the bottom, stuck down with a drawing pin. I don't think either of us regarded this as one of the great achievements of world art.

Along the walls were collages by Richard Winther and Albert Mertz, somewhat risqué. Nothing more of note occurred for a while. The temple wenches were in trousers now and the leeks in Bamse's pot in the kitchen. But just as the coal stove was on the verge of driving us away, what a surprise! Master of ceremonies Heerup himself entered the hall, pushing a barrel organ with a handle. He was still bare-legged and wearing a dress shirt, patent leather shoes and a top hat. Was he really going to augment the demonic force of that damned coal stove? But when the man in the shiny shoes and shiny top hat started turning the handle we were greatly relieved, because instead of producing untimely extra noise, pictures by him appeared the window of this peculiar apparatus, and we noticed that the front of the monster said in huge letters: "Picture Winder"! When I looked around, the good Jón Helgason had disappeared and was surely pleased to be free. For my part, I made a promise to myself, which I always kept, never ever to drag him along with me again to some fancy art show.

That exhibition at Tokanten in September 1947 was called Linien II and has since gone down in the history of Nordic art, if not world art.

Its name, Linien [Line] II, dated from 1934 when Henry Heerup, Richard Mortensen, Asger Jørn and others formed the Linien artists' and exhibition group. As often happens, and was particularly the case after the war, they began to fear that they were becoming famous, and what was even more terrible, popular. So they decided, together with Mertz and Winther, to purge themselves thoroughly of all such accusations (self-accusations) of "bourgeois toadyism" by blowing all that to smithereens. Thus this renaissance was called Linien II. Around this time my old friends Gestur Thorgrímsson from Laugarnes and Sigrún were staying in a nice detached house in Vanløse, with her parents. When I used to visit them, Gestur would often be standing out in the garden with white chips of limestone flying out from beneath his chisel. It looked to me as if he was carving a post-cubist work which was later given the name Lovers.

Therefore I was more than a little surprised to see that same work on a pedestal at the Tokanten. What did my friend Gestur and his limestone sculpture have in common with those iconoclasts of all tradition and artistic respectability?

Yet I should not have needed to ponder that for long. Gestur from Laugarnes is such an open and cheerful and helpful man, and such a master craftsman with all materials, that the friendly embrace of older artists was always open for him.

Nor did his nationality make the Linien artists shy from befriending him, because they had all manned the barricades before with the geniuses Thorvaldur [Skúlason], Sigurjón [Ólafsson] and Svavar [Gudnason]. So here their compatriot had returned! He knew some of them personally, and during his studies at the Academy one acquaintance led to another. Thus, to the pounding of the coal stove and Heerup the wizard's top hat and picture-winding cabinet, this past and present friend of mine entered the history of art. These enfants terribles, as the newspapers called the Linien II group, had perhaps chosen the man himself rather than his work. When Gestur and I were young we were in Ayr together, Robert Burns' native town, where we imbibed his philosophy that the gold within a man is more valuable than any other treasure. In that spirit I welcome, as all your friends certainly do, your return at the new Reykjavík Art Museum, after your fifty-year voyage from "The Double Edge" on Kompanistræde to the edge of Reykjavík harbour, where our new museum offers you its place of honour. With my thanks for the invitation to the Tokanten.



Yours,  
Björn Th.

## Inngangur

Leirlistamaður, rithöfundur, kennari, útvarpsmaður, skemmtikraftur, ljóðskáld, myndhöggvari. Þau eru fjölbreytt starfsheiti sem Gestur Þorgrímsson hefur tekið upp um ævina, einhver veginn virðast þau öll hafa átt einstaklega vel við manninn, og þeir sem kunnugir eru ferlinum öllum eru sammála um að hann hafi gert öllum hlutverkunum jafn góð skil - og þá er ekki lítið sagt. Þá er engu að síður ónefnt eitt helsta hlutverkið sem helmingurinn í tvíeykinu Gestur og Rúna, en þau hjónin, Gestur Þorgrímsson og Sigrún Guðjónsdóttir, hafa í meir en hálfa öld verið einn eftirtektarverðast dúettinn í íslenskrí myndlist, bæði fyrir eigin listsköpun og fyrir tengd störf við hönnun, kennslu og félagsstörf á sviði myndlistarinnar.

Um miðjan níunda áratuginn dvöldu þau hjón um tíma í gestavinnustofum fyrir norrænt listafólk í menningarmiðstöðinni í Sveaborg í Finnlandi, og þar má segja að Gestur hafi komið aftur að upphafi sínu í myndlistinni, þ.e. steinhögginu. Á þessum grýtta stað tók hann að höggva í stein á ný, og hefur síðan unnið höggmyndir upp á gamla mátann í marmara, granít og gabbro; höggvið, meitlað, þússað og snurfusað, og þannig laðað fram þau form sem hann hefur séð í stein-blokkinni. Jafnframt hefur efnið sjálf leikið stórt hlutverk í hinum óhlutbundnu höggmyndum Gestu, þar sem eðlilega andstæða hins hvassa grófleika í steininum hefur tekist á við þá furðulegu mykt áferðarinnar, sem listamaðurinn nær fram með vinnu sinni. Það er mikið þolinmæðisverk að vinna höggmyndir með steinhöggi, og um tíma var Gestur einn fára íslenskra listamanna, sem lagði stund á þá iðju.

Því hefur stundum verið haldið fram, með nokkrum rétti, að myndlist sé eins og hver önnur ræktun; listamaðurinn þurfi að sá, hlúa að nýjum gróðri, tína burt illgresi og leggja á sig ómælda vinnu áður en hann fer að sjá afraksturinn, garðinn eða listina, standa í fullum blóma, listamanninum til sóma og öðrum til ánægju og yndisauka. Góðir listamenn, líkt og gróður jarðar, eru þannig sífellt að eflast og þroskast á meðan þeim sem eru snemmproska hættir til að staðna og hrörna fyrir aldur fram.

Segja má að Gestur Þorgrímsson hafi stöðugt verið að eflast sem listamaður, og síðasta áratuginn hefur list hans ef til vill náð hvað mestum þroska. Verk hans einkennast fyrst og fremst af finlegum glæsileika og góðri tilfinningu fyrir efni og aðstæðum, og hin mjúka ímynd steinsins, sem Gestur hefur náð að laða fram í verkum sínum, hefur skipað honum í hóp okkar bestu myndhöggvara. Sýning hans í Listasafni Reykjavíkur er virðingarvottur við framlag Gestu til íslenskrar höggmyndalistar; steinarnir tala, og lofa meistara sinn.

Eiríkur Þorláksson,  
forstöðumaður

## Foreword

Ceramic artist, writer, teacher, broadcaster, entertainer, poet, sculptor: Gestur Thorgrímsson has adopted a variety of titles in the course of his life, but somehow they all seem to have suited him exceptionally well, and people familiar with his entire career agree that he has performed all these roles with equal skill - which is no small achievement. Even so, this does not include another of his main roles, as half of the husband-and-wife team Gestur and Rúna, who for more than half a century have been one of the most interesting duets in Icelandic visual art, both for their own creative output and for related work in design, teaching and art organizations.

In the mid-1980s Gestur and Rúna spent some time at the studios for visiting Nordic artist at Sveaborg Cultural Centre in Finland, where in effect he returned to his origins in art, namely stonecarving. At that rocky place he began carving once more, and has since produced sculptures by conventional means from marble, granite and gabbro: carved, chiselled, polished and rubbed, to elicit the forms he has seen in the stone block. At the same time, the material itself has played a major role in his abstract sculptures, creating a contrast between the sharp, coarse inherent property of the rock and the extraordinary softness of texture which the artist produces with his work. It calls for immense patience to carve sculptures, and for a while Gestur Thorgrímsson was one of the few Icelandic artists engaged in this field. It has sometimes been claimed, with some justification, that art is like any other form of cultivation: the artist needs to sow, nurture new plants, uproot weeds and make a huge effort before he begins to see any results, when the garden or artwork stands in full bloom as a credit to the artist and a source of pleasure and delight to others. Good artists, like the plants that grow from the earth, are thus continually strengthening and maturing while others who are precocious run the risk of stagnation and premature decline. It is fair to say that Gestur Thorgrímsson has been continuously maturing as an artist, and during the past decade his art has perhaps reached its prime. Above all, Thorgrímsson's works are typified by delicate elegance and a good sense of material and circumstance, and the soft impression of the stone which he has managed to bring out in his works ranks him among the leading sculptors in Iceland.

Gestur Thorgrímsson's exhibition at Reykjavik Art Museum is a tribute to his contribution to Icelandic sculpture: the rocks speak, and praise their creator.

Eiríkur Þorláksson  
Director

## Gestur Þorgrímsson

F. 27. júní 1920 í Reykjavík/B. June 27th 1920 in Reykjavík

### Heimilisfang/Address:

Austurgata 17, 220 Hafnarfjörður.

### Nám/Education:

- 1944-46 Myndlista- og handiðaskóli Íslands/Icelandic College of Art and Crafts  
1946-47 Konunglega listaakademíð í Kaupmannahöfn/Royal Academy of Art, Copenhagen, Denmark  
1953 Myndmenntakennarapróf/Art Teacher's qualification

### Helstu sýningar/Main exhibitions:

- 1947 Með Liníen II á Tokanten í Kaupmannahöfn/With Linien II at Tokanten, Copenhagen  
1950 Norræna myndlistarbandalagið/Nordic Art Federation exhibition Helsinki  
1973 Myndhöggvarafélag Reykjavíkur á Skólavörðuholti/Association of Reykjavik Sculptors, exhibition on Skólavörðuholt hill in Reykjavik  
1987 Með Rúnu í Gallerí Borg/With Rúna in Gallery Borg, Reykjavík.  
1989 Með Rúnu í/With Rúna in SCAG (Scandinavian Contemporary Art Gallery) í Kaupmannahöfn/Copenhagen  
1990 Með Rúnu í Gallerí Borg/With Rúna in Gallery Borg, Reykjavík.  
1992 Yfirlitssýning á verkum Gestis og Rúnu í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar.  
*Gestur and Rúna - Retrospective at Hafnarborg, Hafnarfjörður*  
1993 Með Rúnu í /With Rúna at Galerie Artica, Cuxhaven.  
1995 Gallerí Umbra, Reykjavík.  
1995 Með Rúnu í/With Rúna in Modern Art Museum, Urawa, Japan.  
2000 Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús/Reykjavik Art Museum, Harbour House

Gestur varð heiðursfélagi í Leirlistarfélaginu 1993 og heiðursfélagi í FÍM 1999. Hann er félagi í Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík og SÍM. Gestur var fulltrúi FÍM í stjórn BÍL (Bandalags íslenskra listamanna) 1981-1985. Hann hlaut starfslaun í sex mánuði 1987 og í þrjá mánuði árið 2000. Hann var valinn til þátttöku í norrænni samkeppni um útlitstaverk í Hárnösand, Svíþjóð, 1987 og tók þátt í norrænu höggmyndaverkefni í Seljord í Noregi 1990. Hann dvaldi í Norrænu gistivinnustofunum á Sveaborg 1985, í Rómurbústaðnum 1992 og Kjarvalsstofu, Cité des Arts í París, 1993./  
*Honorary member of the Icelandic Ceramic Artists' Society 1993 and FÍM (Association of Icelandic Visual Artists) 1999. Member of the Association of Reykjavik Sculptors and SÍM (Federation of Icelandic Visual Artists). Representative for FÍM on the board of the Federation of Icelandic Artists (BÍL) 1981-1985. Recipient of State Artist's Stipend 1987 and 2000. Selected for Nordic environmental art competition in Hárnösand, Sweden, 1987. Participant in Nordic sculpture project in Seljord, Norway, 1990. Bursaries: Nordic artists studios, Sveaborg, Finland, 1985; Rome, 1992; and the Kjarval room, Cité des Arts, Paris, 1993.*



Á sýningunni verður frumsýnt myndbandið Votaberg. Höfundur ljóðs og myndverks er Gestur Þorgrímsson, klipping og myndataka: Friðþjófur Helgason, tónlist: Áskell Másson, hljóðfærалеikarar: Bryndís Halla Gyfladóttir og Áskell Másson. Lestur á ljóði: Sigrún Guðjónsdóttir./A video work Votaberg, will be premiered at the exhibition. Poem and artwork: Gestur Thorgrímsson. Photography and editing: Friðthjófur Helgason. Music: Áskell Másson. Music performed by Bryndis Halla Gyfladóttir and Áskell Másson. Poem read by Sigrún Guðjónsdóttir (Rúna).

### Menningarmálanefnd Reykjavíkur/The Cultural Committee of the City of Reykjavík:

Guðrún Jónsdóttir, formaður/chair, Anna Geirsdóttir, Örnólfur Thorsson, Eyþór Arnalds, Júlíus Vífill Ingvarsson, Valgerður Bergsdóttir, Trygvi Baldvinsson.

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur/Director of Reykjavik Art Museum: Eiríkur Þorláksson.

Ljósmyndun/Photography: Anna Fjóra Gísladóttir

Þýðing/Translation: Bernard J. Scudder

Hönnun og umsjón með gerð sýningarskrár/Catalogue design and production: Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir

Skeyting og filmuvinna/Colour separation and montage: Grafík h.f. Prentun/Printing: Grafík h.f.



Listasafn Reykjavíkur — Hafnarhús  
Reykjavik Art Museum — Harbour House